

# AUKAFUNDUR - FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2021-2022

21. JANÚAR 2022, KL. 11:15-12:45 - FJARFUNDUR

## MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Pétur Halldórsson, Ríkey Kjartansdóttir, Stefán Már Stefánsson, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Þar sem ekki náðist að klára öll umræðuefni á síðasta stjórnarfundum FÍN þann 17. janúar 2022 er boðað til aukastjórnarfundar þann 21. janúar 2022.

Runólfur Vigfússon (RV) mætir á fundinn vegna dagskráliðar 2 og 3 á fundinum.

Fundarritari: Marianna H. Helgadóttir

## FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:17

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir síðustu funda

**Afgreiðsla:** Fundargerð stjórnarfundar 17. janúar 2022 samþykkt.

#### 2. Beiðni um greiðslu lögmanskostnaðar

RV kynnti málið á síðasta fundi þann 17. janúar 2022 og RV fór lauslega yfir málið að nýju og málið var rætt í stjórn.

Formaður FÍN lagði fram þá tillögu að stjórn FÍN myndi samþykkja að félagið myndi kosta dómsmál vegna þessa máls.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

#### 3. Niðurstaða Félagsdóms – Hólaskóli

RV fór yfir nýjan dóm Félagsdóms. FÍN tapaði málinu. Þessi dómur er ekki fordæmisgefandi fyrir menntunarákvæði gerðardóms heldur hefur eingöngu áhrif á Hólaskóla. Næstu skref eru að ganga frá stofnansamningi við Hólaskóla.

**Afgreiðsla:** Lagt fram til kynningar.

#### 4. Kl. 11:50 Af vettvangi BHM

Fyrir liggur fjárhagsáætlun, starfs- og sóknaráætlun og sóknaráætlun-aðgerðaráætlun BHM sem tekin verður til afgreiðslu á næsta formannaráðsfundi BHM.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að formaður FÍN muni samþykkja framlagða fjárhagsáætlun og sóknaráætlun BHM á næsta formannaráðsfundi BHM.

**Til kynningar og umræðu ef vill:**

**5. Önnur mál**

a) Tillaga að næsta stjórnarfundu:

i. 7. febrúar 2022 kl. 11:15 – 12:45. **Afgreiðsla:** Samþykkt.

**Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 13:00**